



Úttekt á gerð og notkun læsisstefnu

LÆSISTEYMI MMS

MENNTAMÁLASTOFNUN | Víkurharfi 3, 201 Kópavogur

Innihald

Listi yfir myndir og töflur	2
Inngangur	3
Þýði og svörun könnunar	3
Innihald úttektar	4
Könnun	4
Athugun á heimasíðum og eftirfylgni	4
Greining niðurstaðna	4
Niðurstöður	4
Niðurstöður sveitarfélaga	4
Niðurstöður leik- og grunnskóla	5
Samanburður á svörum	7
Umræða	9
Umræða um niðurstöður sveitarfélaga	9
Umræða um niðurstöður leik- og grunnskóla	9
Almenn umræða	10
Viðauki 1	12
Viðauki 2	13

Listi yfir myndir og töflur

Mynd 1. Svör fræðslustjóra	5
Mynd 2. Svör skólastjóra grunnskóla	6
Mynd 3. Svör leikskólastjóra	7
Mynd 4. Samanburður á sameiginlegum spurningum	8
Mynd 5. Samanburður á svörum skólastjóra	8

Tafla 1. Stærð úrtaks og svörun.....	3
Tafla 2. Sveitarfélög og fræðslustjórar	5
Tafla 3. Fjöldi nemenda í sveitarfélögum með læsisstefnu.....	9
Tafla 4. Samband milli fjölda nemenda í sveitarfélögum og læsisstefnu	9
Tafla 5. Fjöldi nemenda og stærð skóla.....	10

Inngangur

Þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður af fulltrúum allra sveitarfélaga sumarið og haustið 2015 og í honum skuldbinda sveitarfélög sig til þess að setja sér markvissa lestrarstefnu. Til þess að fylgjast með þessu ákvæði þjóðarsáttmálans var ákveðið að kanna hvort sveitarfélögin hefðu sett sér læsisstefnu og einnig hvort leik- og grunnskólar hefðu gert það. Úttekt var gerð á stöðu gerðar læsisstefnu hjá sveitarfélögum og leik- og grunnskólum.

Niðurstöður úttektar Menntamálastofnunar (MMS), sem gerð var í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, liggur nú fyrir. Gögnum var aflað á tvennan hátt; í fyrsta lagi með því að senda könnun til fræðslustjóra og skólastjórnenda í leik- og grunnskólum og í öðru lagi með því að leita á heimasíðum þeirra sveitarfélaga og skóla sem ekki svöruðu könnuninni eða eru án fræðslustjóra. Með könnuninni fengust svör frá fræðslustjórum 24 sveitarfélaga en fræðslustjórar svöruðu fyrir hönd sveitarfélaga. Könnunin var send til 26 fræðslustjóra en 63 sveitarfélög ráku skóla þegar könnunin var gerð. Með því að bæta við athugun á heimasíðum og símtölum fengust upplýsingar um öll sveitarfélögin á landinu sem reka leik- eða grunnskóla. Sama aðferð var notuð við að afla gagna hjá leik- og grunnskólum og var gert hjá sveitarfélögum, þ.e. fyrst var leitað á heimasíðum skólanna og ef ekkert fannst var hringt í skólastjóra.

Starfsfólk MMS annaðist gerð könnunarinnar en Gallup sá um framkvæmdina. Könnunin var framkvæmd á bilinu júní til október árið 2018 og var svörun 85,4% eftir öfluga eftirfylgni.

Megináhersla könnunarinnar var að fá sem skýrasta mynd af gerð og notkun læsisstefna hjá sveitarfélögum og leik- og grunnskólum landsins en stefnt er að því að nota niðurstöðurnar sem grunn að frekari stuðningi við sveitarfélög og skóla til að efla læsi.

Könnunin var meginindleg og samanstóð af 22 fullyrðingum sem skóla- og fræðslustjórar voru beðnir um að leggja mat á út frá stöðu eigin skóla/sveitarfélags. Boðið var upp á fjögurra svara kvarða sem var eftirfarandi: „Að öllu leyti sammála“, „sammála“, „ósammála“ og „að öllu leyti ósammála“. Að auki var boðið uppá eigindlegar skýringar á svörum.

Úttekt á heimasíðum sveitarfélaga og grunnskóla samanstóð af spurningunni „er læsisstefna á heimasíðu sveitarfélagsins/skólans?“ og ef svarið var neikvætt var hringt á skrifstofu sveitarfélagsins/skólans og spurt hvort læsisstefna væri til.

Sjö spurningar voru lagðar fyrir alla þrjá hópana, átta spurningar voru lagðar fyrir skólastjóra eingöngu og fimm spurningar voru lagðar fyrir fræðslustjóra eingöngu (sjá viðauka 1).

Þýði og svörun könnunar

Svörun við könnun Gallup var best hjá fræðslustjórum en lægst hjá skólastjórnendum í grunnskólum (Tafla 1. Stærð úrtaks og svörun). Svörun var engu að síður góð. Ekkert mat var lagt á gæði læsisstefnu ef hana var ekki að finna á heimasíðu, en ef fræðslustjórar eða skólastjórar sögðu að hún væri til, þá var svarið tekið sem jákvætt svar.

Stærð þýðis og svörun	Heild	Leikskólar	Grunnskólar	Fræðslustjórar
Þýði	437	247	164	26
Svara ekki	64	34	28	2
Fjöldi svarenda	373	213	136	24
Þátttökuhlutfall	85,4%	86,2%	82,9%	92,3%

Tafla 1. Stærð úrtaks og svörun

Í skýrslunni er starfsheitið „fræðslustjóri“ notað til einföldunar á sameiginlegu starfsheiti þeirra sem bera ábyrgð á, eru deildarstjórar, sviðsstjórar eða forstöðumenn menntamála í sveitarfélagi.

Innihald úttektar

Könnun

Samkvæmt rannsóknum þurfa nokkur grunnatriði að vera til staðar eigi lestrarkennsla að bera árangur og til að auka líkur á að nemendur verði vel læsir. Þessi atriði endurspeglast í ákvæðum þjóðarsáttmálans sem öll sveitarfélög skrifuðu undir árið 2015 og eru meðal annarra þessi:

- Skólar og sveitarfélög þurfa að setja sér stefnu um læsi.
- Læsisstefnur þurfa að innihalda lágmarksviðmið fyrir undirstöðupætti læsis.
- Læsisstefnur þurfa að innihalda ákvæði um reglubundnar mælingar á læsi.
- Áætlun þarf að vera til staðar um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum og hún þarf að tilgreina fyrirkomulag íhlutunar.
- Nýta þarf töluleg gögn við gerð aðgerðaáætlunar.
- Kennarar þurfa að vera vel að sér í kennsluaðferðum lestrar og hvernig efla eigi læsi nemenda.
- Kennarar þurfa að hafa góðan aðgang að starfsþróun varðandi alla þætti læsis.

Könnunin innihélt spurningar um þessa þætti svo og ýmsa undirþætti þeirra, t.d. hvort læsisstefnu sé fylgt eftir, hvort skólar hafi læsisteymi eða umsjónarhóp sem sér um að fylgja eftir læsisstefnu skólans, um virka samvinnu milli skóla og foreldra vegna læsis, um aðgang og nýtingu á sérfræðiþjónustu og stuðning við tvítyngda nemendur. Allar spurningar má sjá í viðauka 1.

Athugun á heimasíðum og eftirfylgni

Eins og fyrr segir voru skoðaðar heimasíður þeirra 37 sveitarfélaga sem ekki hafa fræðsluskrifstofur eða svöruðu ekki könnuninni til þess að fá svar við spurningunni „er sveitarfélagið með læsisstefnu?“ Leitað var á heimasíðum allra þessara sveitarfélaga og notuð voru orðin „læsisstefna“ eða „lestrarstefna“ við leitina og ef læsisstefna fannst ekki var hringt í viðkomandi sveitarfélag og rætt við fræðslustjóra. Ekkert mat var lagt á gæði læsisstefnu eða áreiðanleika svara. Sama aðferð við gagnaöflun var viðhöfð fyrir leik- og grunnskóla.

Hvorki voru öll sveitarfélög né allir skólar viljugir til þess að svara spurningunum í síma en þar sem svörun er tiltölulega góð þá gefa niðurstöðurnar skýra mynd af stöðu læsisstefnugæðar hjá sveitarfélögum og skólum.

Greining niðurstaðna

Til einföldunar við greiningu svara voru valkostirnir „að öllu leyti sammála“ og „sammála“ sameinaðir svo og „að öllu leyti ósammála“ og „ósammála.“ Gallup skilaði niðurstöðum bæði sem gröfum og á töfluformi þar sem gefnar voru upp allar niðurstöður, meðaltal hverrar spurningar og vikmörk svara. Niðurstöður voru bæði greindar sem heild og eftir undirhópunum þremur sem könnunin var send til.

Niðurstöður

Niðurstöður sveitarfélaga


Á landinu eru 63 sveitarfélög sem reka skóla en, eins og áður segir, var könnunin send til 26 fræðslustjóra en einhverjir þessara einstaklinga sinna fleiri sveitarfélögum, eins og t.d. forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands sem þjónustar 12 leikskóla og 12 grunnskóla í sjö sveitarfélögum (Tafla 2). 24 fræðslustjórar svöruðu könnun Gallup fyrir hönd sveitarfélags síns og skv. svörum hafa tæplega 80% lokið við gerð læsisstefnu en 20% svara því til að læsisstefna sveitarfélagsins sé í vinnslu (Mynd 1. Svör fræðslustjóra). Þegar báðar aðferðir við öflun gagna eru sameinaðar kemur í ljós að 36% allra sveitarfélaga (19 af 63) hafa sett sér læsisstefnu. Hafa ber í huga

að hér var athugað hvort sveitarfélagið sjálft hafi gert læsisstefnu en ekki hvort leik- eða grunnskóli sveitarfélags hafi gert læsisstefnu.

Fjöldi sveitarfélaga	Fjöldi sveitarfélaga með aðgang að fræðslustjóra	Fjöldi sveitarfélaga án fræðsluþjónustu
63	44	19

Tafla 2. Sveitarfélög og fræðslustjórar

Í ljós kemur að 14 (74% svarenda) sveitarfélög birta læsisstefnu á heimasíðu sinni. Vert er að benda á að í litlum sveitarfélögum þá hefur grunn- og/eða leikskólinn í nokkrum tilfellum sett sér læsisstefnu þótt sveitarfélagið hafi það ekki.



Mynd 1. Svör fræðslustjóra

Allir svarendur segja að niðurstöður læsismælinga séu nýttar á markvissan hátt en aftur á móti segja 84% læsisstefnuna innihalda aðgerðaáætlun um hvernig bregðast eigi við vísbendingum um læsisvanda nemenda. Allir svarendur segja einnig að læsisstefnan innihaldi ákvæði um að tvítýngdir nemendur eigi að ná almennum viðmiðum í læsi en 91% segja að tvítýngdir nemendur fái stuðning. 95% segja að stefnan innihaldi ákvæði um að læsi skuli mælt reglubundið en aftur á móti svara 90% því til að læsisstefnan innihaldi lágmarksviðmið í lestri. Skólaskrifstofur hafa ekki beinan aðgang að niðurstöðum læsissskimana en 87% segja að skrifstofan óski eftir niðurstöðum um árangur skóla í læsi. Eitt af lægstu svörum í könnuninni er spurningin hvort skólar nýti sér markvisst skólaþjónustu til læsisráðgjafar en 22% svarenda segja að svo sé ekki.

Niðurstöður leik- og grunnskóla

Könnun Gallup var send til 164 skólastjóra grunnskóla og 247 leikskólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga sá um að útbúa lista yfir skólastjóra leik- og grunnskóla og aðstoðaði við framkvæmdina.

Skólastjórar 136 (83%) grunnskóla svöruðu könnuninni og 90% svarenda sögðu að skóli þeirra væri með læsisstefnu (Mynd 2. Svör skólastjóra grunnskóla). Eftir skoðun á heimasíðum og símtöl við skólastjórnendur þá kemur í ljós að 88% grunnskóla eru með læsisstefnu. Af þeim sem svöruðu Gallup könnuninni segja 78% að stefnan sé aðgengileg á heimasíðu skólans en 85% segja að hún hafi verið kynnt öllum haghöfum. 94% svarenda segja að læsisstefna þeirra innihaldi ákvæði um lágmarksviðmið í læsi, 97% segja að stefnan tilgreini að læsi skuli mælt reglubundið og 97% segja að niðurstöður mælinga séu nýttar á markvissan hátt. Þegar kemur að þekkingu og starfsþróun kennara

á læsi segja 94% að kennarar búi yfir nægjanlegri þekkingu til þess að kenna og efla læsi en 91% segja að kennarar hafi fullnægjandi aðgang að starfsþróun á sviði læsis. 99% segja að stefnt sé að því að tvítyngdir nemendur nái almennum viðmiðum í lestri. 100% svarenda segja að foreldrar fái upplýsingar frá skólanum um hlutverk þeirra í læsisnámi barna sinna og 91% segja að það sé virk samvinna milli foreldra og skóla til að ná markmiðum í læsi. 89% skólastjórnenda segja að framkvæmd læsisstefnunnar sé fullnægjandi.



Mynd 2. Svör skólastjóra grunnskóla


213 (86%) leikskólastjórar svöruðu könnuninni og af þeim hópi hafa 84% sett sér læsisstefnu (Mynd 3. Svör leikskólastjóra). Eftir skoðun á heimasíðum og símtöl kemur í ljós að 87% leikskóla eru með læsisstefnu. Af þeim sem svöruðu Gallup könnuninni segja 75% að hún sé aðgengileg á heimasíðu skólans en 90% segja að hún hafi verið kynnt öllum haghöfum. 66% leikskólastjóra segja að stefnan innihaldi lágmarksviðmið í læsi en 59% segja að hún innihaldi ákvæði um að læsi skuli mælt reglubundið og 97% segja að niðurstöður séu nýttar á markvissan hátt. 94% leikskólastjóra segja að stefnt sé að því að tvítyngdir nemendur nái almennum viðmiðum í læsi. 70% leikskólastjóra segja að kennarar hafi nægjanlega þekkingu til að kenna lestur eða efla læsi nemenda með fullnægjandi hætti, 81% segja að kennarar hafi fullnægjandi aðgang að starfsþróun og 66% segja að skólinn nýti markvisst skólaþjónustu til læsisráðgjafar. 93% svarenda segja að foreldrar fái upplýsingar frá skólanum um hlutverk sitt í læsisnámi barna sinna en 76% segja að það sé virk samvinna milli foreldra og skóla til að ná markmiðum í læsi. 81% leikskólastjóra segja að framkvæmd læsisstefnunnar sé fullnægjandi.



Mynd 3. Svör leikskólastjóra


Samanburður á svörum

Af þeim sjö spurningum sem lagðar voru fyrir alla þrjá hópana eru svarendur mest sammála um nýtingu niðurstaðna mælinga á læsi og nánast allir svara því til að þær séu nýttar á markvissan hátt (Mynd 4. Samanburður á sameiginlegum spurningum). Það sama á við í svörum við spurningunni um hvort stefnt sé að því að tvítyngdir nemendur nái almennum viðmiðum í læsi. Nánast allir leikskólastjórar (95%) segja að tvítyngdir nemendur fái stuðning á meðan 86% skólastjóra grunnskóla og 91% fræðslustjóra segja að svo sé. Allir fræðslustjórar segja að læsisstefnan hafi verið kynnt haghöfum en 90% skólastjóra grunnskóla og 85% leikskólastjóra segja að svo sé. Mestur munur á svörum er varðandi mælingar á læsi en 90% fræðslustjóra og 94% skólastjóra grunnskóla segja að læsisstefnan innihaldi ákvæði um lágmarksviðmið í læsi en 66% leikskólastjóra segja að svo sé hjá þeim. Svipaður munur er á svörum við spurningunni hvort ákvæði sé um að læsi skuli mælt reglubundið en 95% fræðslustjóra og 97% skólastjóra grunnskóla segja að svo sé en 59% leikskólastjóra segja að þeirra læsisstefna innihaldi slíkt ákvæði. Lægstu niðurstöður hjá öllum þremur hópunum er á spurningunni hvort skólinn nýti sér markvisst skólaþjónustu til læsiráðgjafar en 78% fræðslustjóra, 76% skólastjóra grunnskóla og 66% leikskólastjóra segja að svo sé.



Mynd 4. Samanburður á sameiginlegum spurningum

Við samanburð á svörum skólastjóra leik- og grunnskóla við sameiginlegum spurningum fyrir þá tvo hópa (Mynd 5. Samanburður á svörum skólastjóra) kemur í ljós að skólastjórar beggja hópanna eru sammála á flestum sviðum en mestur munur er á svörum við því hvort kennarar í skólanum búi yfir nægri þekkingu til að kenna lestur og efla læsi nemenda en 94% skólastjóra grunnskóla segja að svo sé en einungis 70% leikskólastjóra. Svipaður munur er á svörum við spurningunni um virka samvinnu milli foreldra og skóla til að ná settum markmiðum um læsi en 94% skólastjóra grunnskóla svara því játandi en 76% leikskólastjóra gera það. 81% grunnskóla hafa starfandi umsjónarhóp fyrir læsi (læsissteymi) en 70% leikskóla.



Mynd 5. Samanburður á svörum skólastjóra

Umræða

Umræða um niðurstöður sveitarfélaga

Einungis rúmlega þriðjungur sveitarfélaga hefur sett sér formlega læsisstefnu en eins og fram kemur hér á eftir þá er gerð læsisstefnu nátengd stærð sveitarfélags. Einnig ber að hafa í huga að þótt sveitarfélag, sem eingöngu rekur einn skóla (40 sveitarfélög), hafi ekki sett sér læsisstefnu þá hafa fjórir grunnskólar í þessum sveitarfélögum sett sér læsisstefnu.

Við greiningu gagna reyndum við að svara spurningunni hvað réði því hvort sveitarfélög hefðu læsisstefnu eða ekki. Því settum við niðurstöður þessarar úttektar í samhengi við gögn um skóla sem liggja fyrir á heimasíðu Hagstofu Íslands svo og heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en það eru upplýsingar um fjölda nemenda, fjölda og stærð skóla og fjölda og stærð sveitarfélaga. Á þessum grunni var reiknað út hlutfall sveitarfélaga með fræðslustjóra á sínum snærum, með fræðslustjóra og læsisstefnu, og hlutfall lítilla (<200 nemendur) og stórra sveitarfélaga (>200 nemendur) með læsisstefnu (Tafla 3). Í ljós kemur að þótt eingöngu 36% sveitarfélaga hafi sett sér læsisstefnu þá eru 93% nemenda landsins í sveitarfélögum þar sem læsisstefna er til staðar. Þetta segir okkur að minni sveitarfélög hafa í mun minna mæli lokið við gerð læsisstefnu en þau stærri.

Hlutfall sveitarfélaga með læsisstefnu	Hlutfall nemenda í skólum með læsisstefnu
36%	93%

Tafla 3. Fjöldi nemenda í sveitarfélögum með læsisstefnu

Í töflu 4 (Tafla 4. Samband milli fjölda nemenda í sveitarfélögum og læsisstefnu) reiknuðum við út hlutfall lítilla (≤ 200 nemendur) og stórra sveitarfélaga (> 200 nemendur) með og án læsisstefnu og þar kemur fram að einungis 6% lítilla sveitarfélaga hefur sett sér læsisstefnu.

Hlutfall lítilla sveitarfélaga með læsisstefnu	Hlutfall stórra sveitarfélaga með læsisstefnu
6%	54%

Tafla 4. Samband milli fjölda nemenda í sveitarfélögum og læsisstefnu

Af svörum fræðslustjóra um ástæður þess að sveitarfélag hafi ekki sett sér læsisstefnu má ráða að skortur á kunnáttu, aðstoð og tímaskortur séu helstu ástæðurnar. Þessar niðurstöður sýna vel þann aðstöðumun sem er á milli lítilla og stórra sveitarfélaga að því er varðar þekkingu og kunnáttu á gerð læsisstefnu og hvernig best sé að fylgja henni eftir. Af athugasemdum svarenda má ráða að mörg minni sveitarfélög hafa fengið leyfi hjá stærri sveitarfélögum til að nota læsisstefnu þeirra, eða unnið í samvinnu við þau, að gerð og notkun læsisstefnu. Þetta er afar jákvætt en þó er vert að hafa í huga að rannsóknir sýna að eignarhald á stefnu er ein af lykilforsendum þess að hún komi til framkvæmdar.¹

Umræða um niðurstöður leik- og grunnskóla

Aukinn samrekstur leik- og grunnskóla er að ryðja sér til rúms sem gerði gagnasöfnun vandasamari og niðurstöðurnar því ekki eins skýrar og æskilegt hefði verið en það skal tekið fram að þetta er jákvæð þróun og sýnir aukna samvinnu á milli skólastiga.

¹ Amabile T. og Kramer S. (2007). Inner Work Life: Understanding the Subtext of Business Performance. *Harvard Business Review*, 85(5), bls.72-83.

Allflestir leik- og grunnskólar hafa sett sér læsisstefnu og er það mjög jákvætt. Hins vegar segja 20% leikskólastjóra og 11% skólastjóra grunnskóla að framkvæmd stefnunnar sé ábótavant og eru það ákveðin skilaboð um þörf á eftirfylgni og stuðningi.

Af þeim grunnskólum sem svöruðu könnuninni (136 skólar) hafa 14 skólar ekki sett sér læsisstefnu eða kringum 10% grunnskóla. Ekki fengust svör frá 28 grunnskólum. Af þeim leikskólum sem svöruðu könnuninni (213 skólar) hafa 32 skólar ekki sett sér læsisstefnu eða um 16%.

Tafla 5 sýnir útreikning á hlutfalli skóla með fleiri en 100 nemendur (stórir skólar) og færri en 100 nemendur (litlir skólar) en þar má sjá að 6% nemenda eru í 34% grunnskóla. Þetta sýnir að lágt hlutfall nemenda á Íslandi stundar nám í hlutfallslega mörgum (litlum) skólum og fæstir af litlu grunnskólunum hafa sett sér læsisstefnu.

Fjöldi grunnskóla	Hlutfall grsk. með >100 nemendur	Hlutfall nemenda í grsk. með >100 nemendur	Hlutfall grsk. með <100 nemendur	Hlutfall nemenda í grsk. með <100 nemendur
169	66%	94%	34%	6%

Tafla 5. Fjöldi nemenda og stærð skóla

Munur á svörum skólastjóra leik- og grunnskóla um mælingar á læsi og lágmarksviðmiðum í læsi er athyglisverður en þó ber að hafa í huga að meginhlutverk leikskóla varðandi læsi er málörvun, færni í íslensku, tjáningu og samskiptum sem er undirbúningur fyrir læsi, án þess að það orðalag sé notað beint í aðalnámskrá fyrir leikskóla. Niðurstöður rannsókna eru mjög skýrar varðandi það lykilhutverk sem leikskólar spila í undirbúningi, greiningu á vanda og viðbragðsáætlunum við vanda sem upp getur komið hjá ungum börnum við læsisundirbúning en með snemmtækri íhlutun er hægt að ná miklum árangri til að koma í veg fyrir seinni tíma vanda.

Eins og fram kemur hér að ofan sýnir samanburður á svörum hópanna þriggja, sem tóku þátt í könnuninni, mestan mun milli grunn- og leikskóla þegar kemur að markmiðssetningu um læsi og hvort mæla eigi læsi reglubundið. Mun færri leikskólar tilgreina þessa þætti í læsisstefnunni en grunnskólar en eins og kemur fram hér á undan er læsi og gerð læsisstefnu ekki tilgreint í aðalnámskrá sem beint hlutverk leikskóla. Þjóðarsáttmálinn tilgreinir að báðir þessir þættir eigi að vera í læsisstefnu skóla og því þarf að skerpa á ákvæðum um innihald læsisstefnu og veita skólum aðstoð við gerð hennar og framkvæmd.

Almenn umræða

Ljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að lítil sveitarfélög þurfa markvissa aðstoð við gerð læsisstefnu og reikna má með að þau þurfi einnig aðstoð við að fylgja henni eftir. Næstu skref hjá læsisteymi MMS eru að bjóða sveitarfélögum og skólum beina aðstoð við gerð læsisstefnu og eftirfylgni við hana.

Við gerð könnunarinnar kom skýrt í ljós þörf á miðlægum gagnagrunni fyrir leik- og grunnskóla sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi þeirra, til dæmis rekstrarform, skólastjóra, fjölda nemenda, sveitarfélag, þjónustustig, heimilisfang, símanúmer, netföng, o.s.frv. Þessar upplýsingar er hægt að nálgast hjá Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og heimasíðum en það krefst mikillar vinnu og oftast en ekki eru upplýsingarnar úreltar þar sem breytingar eru tíðar.

Vert er að skoða gaumgæfilega þörfina á miðlægri einingu í stjórnun og/eða þjónustu fyrir sveitarfélög og skóla. Aðstöðumunur lítilla og stórra sveitarfélaga er mikill og ekki er óvarlegt að

áætla að þetta komi niður á árangri nemenda og jöfnum rétti til náms rétt eins og niðurstöður ýmissa mælinga hafa sýnt síðustu ár.

Það er mikilvægt fyrir Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra að fá slíka samantekt á gerð og framkvæmd læsisstefnu hjá skólum og sveitarfélögum. Þessi samantekt gefur góða innsýn inn í stöðu mála og er sterkur grunnur fyrir læsisteymi Menntamálastofnunar og hlutaðeigandi að aðstoða skóla og sveitarfélög til að veita nemendum faglegan og góðan stuðning. Það er kappsmál okkar allra að bæta lestrarkunnáttu barna og almennt læsi, þannig að þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu og skapað eigin velferð.

Leikskóli hefur m.a. það hlutverk að efla alhliða þroska, skipuleggja málörvun, hlúa að börnum, styrkja þau sem sjálfstæða einstaklinga auk annars uppeldis og kennslu. Grunnskólinn hefur skýrari hlutverk gagnvart læsi og styður börn með beinni hætti í námi og alhliða þroska. Þessar grunnstofnanir og starfsfólki þeirra verða að fá góðan stuðning í sínu vandasama hlutverki gagnvart börnum, skýr stefna og ábyrgð sveitarfélaga og ríkisvaldsins skiptir þar höfuðmáli. Það er ánægjulegt hversu mörg börn búa við aðstæður þar sem skýr stefna er til staðar og eins er gott að sjá að mikill samtakamáttur og elja er til staðar við eflingu læsis. Þau sveitarfélög sem ekki hafa sett sér stefnu og hafa ekki skýr markmið og aðgerðir verða að gera slíkt, enda er sú vinna forsenda þess að fullnægjandi menntun eigi sér stað. Menntamálastofnun mun leggja sitt af mörkum við að aðstoða sveitarfélög og skóla við að setja stefnu, vinna í aðgerðum til að efla læsi og bæta hag og menntun barna.

Viðauki 1

Niðurstöður allra spurninga	Skólastjórar grunnskóla	Leikskólastjórar	Fræðslustjórar
Hefur skólinn þinn læsisstefnu?	90%	84%	
Hefur sveitarfélagið þitt læsisstefnu?			79%
Læsisstefnan er aðgengileg á vef skólans.	78%	75%	
Læsisstefnan er aðgengileg á vef sveitarfélagsins.			74%
Læsisstefna sveitarfélagsins hefur verið kynnt öllum haghöfum.	85%	90%	100%
Læsisstefna skólans/sveitarfélagsins inniheldur ákvæði um lágmarksviðmið í lestri.	94%	66%	90%
Læsisstefna skólans/sveitarfélagsins tilgreinir að læsi skuli mælt reglubundið.	97%	59%	95%
Eru niðurstöður læsismælinga nýttar á markvissan hátt?	97%	97%	100%
Skólaskrifstofan óskar eftir upplýsingum um árangur skóla sinna í læsi.			87%
Aðgerðaáætlun er til staðar hjá sveitarfélaginu sem segir til um hvernig bregðast skuli við vísbendingum um læsisvanda nemenda.			83%
Stefnt er að því að tvítyngdir nemendur nái almennum viðmiðum í læsi.	99%	94%	100%
Tvítyngdir nemendur fá stuðning með það fyrir augum að þeir nái virku tvítyngi.	86%	95%	91%
Skólinn nýtir markvisst skólabjónustu til læsisráðgjafar.	76%	66%	78%
Sveitarfélagið býður skólastjórnendum og kennurum upp á starfsþróun á sviði læsis.			96%
Kennarar í skólanum hafa fullnægjandi aðgang að starfsþróun á sviði læsis.	91%	81%	
Læsissteymi (eða umsjónarhópur læsis) er starfandi við skólann.	81%	70%	
Kennarar í skólanum búa yfir nægri þekkingu til að kenna lestur og efla læsi nemenda með fullnægjandi hætti.	94%	70%	
Það er virk samvinna milli skólans og foreldra til að ná settum markmiðum læsisstefnu.	91%	76%	
Foreldrar fá upplýsingar frá skólanum um hlutverk þeirra í læisnámi barna sinna.	100%	93%	
Læsisstefna skólans er framkvæmd með fullnægjandi hætti.	89%	81%	

Viðauki 2

